

A 1864/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um þingmannatillögu um norræna bankaþjónustu á rauntíma

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að gera grein fyrir viðræðum um P27-verkefnið og um það sem gert er til undirbúnings þess og annarrar hugsanlegrar greiðsluþjónustu á rauntíma milli Norðurlandanna á þingi Norðurlandaráðs

Bakgrunnur

Flokkahópur miðjumanna í Norðurlandaráði leggur til að Norðurlandaráð samþykki „að fara fram á greinargerð frá ríkisstjórnnum Norðurlanda varðandi viðræður um P27-verkefnið og um það sem gert er til undirbúnings þess og annarrar hugsanlegrar greiðsluþjónustu á rauntíma milli Norðurlandanna“.

Forsenda tillögunnar er að skilvirk og örugg greiðsluþjónusta á rauntíma yfir landamæri Norðurlanda muni einfalda daglegt líf bæði íbúa og atvinnulífsins.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin hefur haft til umfjöllunar greiðslukerfið P27, sem sumir stærstu banka Norðurlanda standa að baki, og lýst yfir stuðningi við að ríkisstjórnir Norðurlanda vinni að þróun og framkvæmd þess.

Álit nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin telur að greinargerð um vinnu að þróun P27 og annarrar hugsanlegrar greiðsluþjónustu á rauntíma milli Norðurlandanna, muni vekja athygli og efla starf að þróun öruggrar og skilvirkrar greiðsluþjónustu á rauntíma sem starfi þvert á landamæri norrænu ríkjanna. Heppilegur tími fyrir greinargerðina gæti verið þing Norðurlandaráðs.

Norðurlöndum, 13. apríl 2021



Anders Eriksson (ÅF)
Eveliina Heinäluoma (sd)
Freddy André Øvstegård (SV)
Helge André Njåstad (FrP)
Joakim Strand (sv)
Juhana Vartiainen (saml)
Lorena Delgado Varas (V)
Lulu Ranne (saf)

Mette Hjermand Dencker (DF)
Orla Hav (S)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sofia Westergren (M)
Stein Erik Lauvås (A)
Torhild Bransdal (KrF)